51 24. febr. að greiða hinn umbeðna styrk að öllu eða hálfu af þeim hlut umgetins gjaldliðs í fjárlögunum, er yður er fenginn til umráða, ef það þætti rjettara.

Eptir að leitað hefir verið samkvæmt beiðni yðar, herra landshöfðingi, álits P. G. Thorsens prófessors, um málið, — og er álitsskjal hans látið fylgja brjefi þessu — lætur ráðgjafinn eigi undan falla að senda yður bœnarskjalið aptur, með því að til yðar heyrir raunar, herra landshöfðingi, slíkri beiðni andsvör að veita, eptir því sem mál þetta er vaxið, og skal þess um leið getið, að lítist yður, herra landshöfðingi, tilefni til að veita bœnina, en fje það, er yður er fengið til umráða, reynist eigi nœgilegt til að standa straum af öllum kostnaðinum, er ráðgjafinn fús á að greiða helming styrksins eða fram undir það af sínum hlut í gjaldlið þeim, er hjer á við[1].

52 24. febr. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lækkun á eptirgjöldum eptir umboðsjarðir, er orðið hafa fyrir öskufalli. — Þjer hafið, herra landshöfðingi, sent hingað skýrslu frá amtmanninum yfir norður- og austurumdœmi Íslands, um að hann hafi samkvæmt tillögum umboðsmanns Skriðuklausturs og Suðurmúlasýslujarða látið fram fara virðingargjörð, til að ákveða þá lækkun á landskuldum af jörðum tjeðra umboða, er ætti að reyna að fá samþykkta, vegna rýrnunar þeirrar á jörðunum, sem leitt hafði af öskufallinu, og að þar eptir hafi samkvæmt virðingargjörðinni er hafi farið fram á, að eptirgjöldin væru færð niður um 1099 álnir og 3 kr., verið leyft af amtinu, að gjöldin fyrir 1875 yrðu heimtuð samkvæmt þessu. Hafið þjer í þóknanlegu brjefi frá 22. nóvbr. f. á. lagt það til, að ráðgjafinn leggi samþykki á svo vaxna landskuldartöku af tjeðum jörðum, samkvæmt áminnztri virðingargjörð, og að veitt verði samkvæmt meðmælum amtmanns umboðsmanni yfir tjeðum umboðum, Páli Ólafssyni, 100 kr. þóknun fyrir ferðakostnað við nefnda virðingargjörð.

Út af þessu skal eigi undanfellt að tjá yður þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, meðal annars fyrir hlutaðeigandi reikningsendurskoðara, og til annarar ráðstafanar, að ráðgjafinn fellst eptir atvikum á tjeða ráðstöfun, og leyfir, að greiddar verði úr umboðssjóði 100 kr. til endurgjalds kostnaði umboðsmanns út af þessu.

53 24. febr. — *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* lán úr viðlagasjóði. — Þjer hafið sent hingað, herra landshöfðingi, erindi hjeraðslæknisins í 15. læknishjeraði, Zeuthens, þar sem hann biður um 17—1800kr. lán úr hinum íslenzka læknasjóði, gegn veði í húsi, er hann hafi byggt á Eskifirði og metið hafi verið af 2 smiðum 4000 kr. virði, hafi hann keypt brunabóta ábyrgð á húsinu að upphæð 3000 kr., og ætli hann að hækka hana uppí 4000 kr. —, og gegn því að hann endurborgi lánið með 400 kr. árlega, er verði haldið eptir af launum hans. Hafið þjer í þóknanlegu brjefi 25. oktbr. f. á. mælt fram með, að þetta verði veitt þannig, að lánið nemi helmingi virðingarverðs þess, er lagt verði á húsið með lögmætri virðingargjörð; en fari þó eigi fram úr 1700 kr., að húsinu verði haldið í brunabóta-ábyrgð, er nemi eigi minna en 3000kr., þangað til lánið verði endur-

1) 26. marz veitti landshöfðingi sira Þorvaldi 1000 kr. styrk, þannig að 200 kr. verði honum greiddar, þegar hann er búinn að taka sjer far hjeðan til Kaupmannahafnar, til þess að sjá sjálfur um prentunina, en það sem eptir er, verði honum borgað smámsaman, meðan hann dvelur í Kaupmannahöfn og jafnóðum og bókin er prentuð.